

## 61. gr.

Hreppsnefnd ræður helstu starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

## 62. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

## 63. gr.

Sveitarstjóri sér um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna hreppsins, sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 10. júní 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

## 1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XVIII. viðauka, bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Tilskipun ráðsins 92/29/EB frá 31. mars 1992 um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu til að bæta lækni meðferð um borð í skipum.
2. Tilskipun ráðsins 93/103/EB frá 23. nóvember 1993 um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum (þrettánda sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EB).

## 2. gr.

Ofantaldar ESB-gerðir sem vísað er til í 1. gr. eru birtar í sérriti EES viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bók nr. 5, gerð samkvæmt 1. tölul. 1. gr. á bls. 306-323 og gerð samkvæmt 2. tölul. 1. gr. á bls. 413-429.

## 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 31. maí 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

Nr. 331

10. júní 1996

**SAMÞYKKT****um þjónustu Akureyrarkaupstaðar við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu.**

## 1. gr.

Í samræmi við samning Akureyrarkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, dags 27. febrúar 1996, fer bæjarráð Akureyrarkaupstaðar með stjórn málefna fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu sem í samþykkt þessari telst taka til eftirtalinna sveitarfélaga: Akureyrarkaupstaðar, Dalvíkurkaupstaðar, Ólafsfjarðarkaupstaðar, Grímseyjarhrepps, Svarfaðardalshrepps, Hríseyjarhrepps, Árskógshrepps, Arnarneshrepps, Skriðuhrepps, Öxnadalshrepps, Glæsibæjarhrepps, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Hálshrepps.

## 2. gr.

Félags- og fræðsluvið, undir stjórn bæjarráðs, sér um að veita íbúum á Eyjafjarðarsvæðinu þá þjónustu sem svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

## 3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Norðurlandi eystra hefur sama hlutverk gagnvart Akureyrarkaupstað og gagnvart svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

## 4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Akureyrarkaupstað og gagnvart svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

## 5. gr.

Með hliðsjón af samningi Akureyrarkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Akureyrarkaupstaður undanþeginn skyldu til þess að gera svæðis-áætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr., sbr. og 11. gr. laga um reynslusveitarfélög til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytinu, 10. júní 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Anna G. Björnsdóttir.*